

Nd.

132. Breytingartillögur

[74. mál]

við frv. til l. um heimild til verðstöðvunar.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (LJós).

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða“ í upphafi greinarinnar komi: Ríkisstjórnin skal ákveða.
 - b. Í stað orðanna „Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða“ í 2. málsl. komi: Enn fremur skal ríkisstjórnin ákveða.
2. Við 2. gr. Orðin „á grundvelli heimildar“ falli niður.
3. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðanna „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða“ í upphafi greinarinnar komi: Ríkisstjórnin skal ákveða.
 - b. Í stað orðanna „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða“ í upphafi 2. málsgr. komi: Ríkisstjórnin skal ákveða.
 - c. Orðin „vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila“ falli niður.
4. Á eftir 3. gr. komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. (4. gr.) Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal kjósa nýja verðlagsnefnd, sbr. lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, og fellur þá niður umboð fyrri verðlagsnefndar. Verðlagsnefndin skal skipuð 7 mönnum kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, og jafnframt skulu kosnir jafnmargir varamenn.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðun verðlagsnefndar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.
 - b. (5. gr.) Verðlagsnefnd skal ákveða hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Skal það regla verðlagsnefndar að beita þessu valdi til þess að koma sem mest í veg fyrir vöxt verðbólgu og dýrtíðar og því aðeins sleppa því að ákveða hámarksverð á vissum sviðum, að samkomulag sé um slíkt í nefndinni.
 - c. (6. gr.) Óheimilt er að hækka húsaleigu eða segja upp húsnæði, frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi, nema samþykki þeirrar nefndar, sem um getur í þessari grein, komi til.

Ríkisstjórnin skal skipa nefnd, sem sérstaklega hafi það hlutverk að fylgjast með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin. Nefndin skal jafnframt kynna sér sem bezt húsaleigu, einkum íbúðarhúsnæðis, og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir óhóflega húsaleigu eða óeðlileg húsaleigukjör. Nefndin skal hafa heimild til að fyrirskipa lækkun húsaleigu, þyki henni ástæða til þess.
 - d. (7. gr.) Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal stjórn Seðlabankans ákveða lækkun vaxta með hliðsjón af því, að verðlag hefur verið stöðvað.
5. Við 5. gr. Orðin „og gilda til 31. október 1967“ falli niður.
6. Frumvarpið heiti: Frumvarp til laga um verðstöðvun.